

**Námsáætlun fyrir samfélagsgreinar - 4. bekkur
skólaárið 2017 – 2018**



Kennari: Jónína Holm.
Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p>Sjálfsmynd og félagslegt umhverfi:</p>	<p>*öðlist skilning á því, að hvaða leyti fjölskyldan er grunneining í samfélagi með réttindum og skyldum sem að þeim snúa *geti borið saman það sem er líkt/ólíkt, t.d. í fjölskyldum, húsakosti, klæðaburði, mataræði, heimilislífi, menntun, leikjum barna, siðum og venjum, nú og á öðru tímaskeiði, t.d. á síðustu öld *þekki nokkra drætti í breyttri stöðu kynjanna, barna, unglunga og aldraðra og geti rætt hvernig þessar breytingar koma fram í fjölskyldum *beri fjölskyldulíf nú hér á landi saman við það sem gerist annars staðar og á öðru tímaskeiði sögunnar</p>	<p>Kennslan miðar að því að nemendur öðlist skilning á sjálfum sér í samfélaginu. Réttindi og skyldur fjölskyldna fyrr á öldum og hvernig þróunin hefur verið til dagsins í dag.</p>	<p>Símat.</p>
<p>Skóli og heimabyggð:</p>	<p>*þekki fáein atriði íslenskrar skólasögu, svo sem heimafræðslu, farskóla og heimavistar skóla *þekki til nokkurra atriða í þróun heimabyggðar og skólapróunar.</p>	<p>Saga Gerðaskóla skoðuð og gengið að þeim stað sem fyrsta skólahúsnæðið stóð.</p>	<p>Símat.</p>

<p>Íslenskir þjóðhættir:</p>	<p>*þekki íslenskar þjóðsögur og lesi úr þeim fróðleik um íslenska þjóðtrú og þjóðhætti fyrr á öldum *kynnist gamla tímatalinu og orðaforða í bústörfum og veðri því tengdu *geti borið saman það sem er líkt/ólíkt, t.d. í húsakosti, klæðaburði, mataræði, heimilislífi, menntun, leikjum barna, siðum og venjum, nú og á öðru tímaskeiði, t.d. á síðustu öld</p>	<p>Myndbandið um þjóðsöguna Dugguhólufólkið skoðuð og rædd. Unnið með gamla tímatalið, nemendur máta það við afmælisdaga sína. Myndir skoðaðar af klæðaburði fólks á síðustu öld og meti breytingarnar sem og á fæðuvali, húsakostum ofl. Skoðað verður hvað hafið og lega landsins hefur haft að segja um lífsafkomu þjóðarinnar fyrr og nú</p>	<p>Símat.</p>
<p>Trúarbrögðin okkar:</p>	<p>*kynnist fimm trúarbrögðum, búddatrú, hindúatrú, kristni, islam og gyðingdómi og siðum og venjum þeirra *þekki til guðsmyndar og trúariðkunar í fyrrnefndum trúarbrögðum *átti sig á því að við getum umgengis, verið vinir og samt haft ólíka siði, venjur og trú *kunni skil á helstu kirkjulegum athöfnum, svo sem skírn, fermingu, hjónavígslu og útför *þroski með sér tillitssemi og nærgætni í samskiptum við aðra, læri að meta það sem vel er gert og öðlist hæfni til að hrósa og uppörva aðra</p>	<p>Fjölbreytileiki trúarbragða skoðaður og unnið út frá siðfræði þeirra.</p>	<p>Símat.</p>

<p>Saga mannkyns:</p>	<p>*beri saman ólík menningarsvæði í heiminum, t.d. í köldu og heitu loftslagi *nemandi geti sagt frá og rætt hugmyndir manna um upphaf og þróun mannsins *kynnist dæmum um fornleifar og fornminjar og meti hvaða upplýsingar þær geta veitt um sögu mannsins og menningu fornaldar *geri sér grein fyrir að sögunni er skipt niður í tímabil, t.d. steinöld, fornöld, landnámsöld og miðaldir og læri tímatalstáknin f. Kr. og e. Kr.</p>	<p>Myndbandið “Einu sinni var” ferðasaga um Mannkynið sýnd og rædd þegar við á.</p>	<p>Símat.</p>
<p>Námsgögn: Komdu og skoðaðu Íslenska þjóðhætti, Komdu og skoðaðu Sögu mannkyns og Trúarbrögðin okkar. Að auki verður unnið með grenndarkennsluverkefni, Gerðaskóli í 130 ár (saga skólans) myndbönd, sögur og ævintýri.</p>			
<p>Lokanámsmat: Símat þar sem vinnubækur, tjáning, frumkvæði, dugnaður, ábyrgð, iðni, samskipti og samvinna skipta öllu. Nemendur meta einnig vinnu sína skriflega og jafningjamat þar sem við á.</p>			